

Kirkjumálið enn.

Formaður sóknarnefndar, hr. S. A. Blöndal, skrifar langa grein í síðasta tölublað Siglfirðings og þykist vera að gera grein fyrir gjörðum nefndarinnar í kirkjubýggingarmálinu, en segir þar auðvitað ekki neitt sem allur bærinn ekki vissi áður, enda hefði hann aldrei lagt í slíka greinargerð, hefði jeg ekki gefið honum tilefni til þess. En hvað segir svo formaðurinn? Hann staðfestir alla mína frásögu um aðalgang málsins og endar svo með persónulegum dylgjum um mig sem jeg mun víkja nánar að síðar.

Útboð kirkjunnar var þannig, að gera átti tilboð um að skaffa kirkjuna að öllu leyti tilbúna, að undanskildri lóð, útgreftri, hurðum og gluggum, sem sóknarnefnd ætlaði að leggja til, kirkjubýggingunda að kostnaðarlausu. Að öðru leyti átti að fullgera kirkjuna undir málningu innan og utan.

Það er rjettilega framtekið hjá formanni, að útboðið gerði ráð fyrir tvennskönar þakhellum, og var þá í lófa lagið fyrir nefndina að ákveða og tiltaka það í samningnum, hvora tegundina hún heldur vildi. Verðmunur er heldur ekki tilfinnanlegur, því sama er flutningsgjaldið á báðum tegundunum, og er það meiri hluti verðsins. Á þakhellunum hefir það því varla getað byggst að nefndin snjeri sjer til Einars og Jóns. Og ekki tók Jens neitt fram um þessar þakhellur; þó fanst nefndinni hans tilboð helst geta komið til greina.

Mjer fanst ekkert óeðlilegt þó nefndin, eftir að hafa fengið tilboðið frá Jens, færi að ihuga hve mikið þyrfti af sandi, mól og grjóti, úr því hún ekki var búin að gera sjer grein fyrir því áður en hún bauð verkið út, sem þó hefði verið miklu eðlilegra. Um áætlanir þær á efni þessu sem formaður birtir í grein sinni, ætla jeg ekkert að segja, það eru liðir sem ekkert koma þessu máli lengur við, en sanna sig sjálfir á sínum tíma.

Pegar hjer er komið sögunni hjá formanninum, hefir nefndin tekið þá ákvörðun, að hafna öllum tilboðunum sem byggð voru á útboðslýsingunni, en snýr sjer til byggingarmeistara Jens Eyólfssonar í Rvík og fer að makka við hann án nýs útboðs í von um að koma kirkjunni upp án þess að fara fram úr því umboði, sem nefndin hafði frá

söfnuðinum.

Á safnaðarf. hjer 13. apríl s.l. er samþykkt tillaga frá hr. Þormóði Eyólfssyni, sem heimilar sóknarnefnd að byrja á kirkjunni á næsta vori, fari *kostnaðurinn ekki fram úr eitt hundrad þúsund krónum* og að fengnu 25 þúsund króna láni úr sameinuðum kirkjubýggingarsjóði. Nú veit það allur bærinn og miklu fleiri, að kirkjan kostar mikið á annað hundrad þúsund kr. og lánið er líkæ ófengið, svo útkoman verður sú, að allur bærinn veit að sóknarnefndarformaðurinn, hr. Sophus Auðunn Blöndal og meðnefndarmenn hans, eru hjer að vaða út í það sem þeir hafa ekkert umboð til frá söfnuðinum.

Formaðurinn viðurkennir það sem jeg sagði, að nefndin hafi haldið Jens Eyólfssyni á „snakki“ þangað til seint í janúar. „Hvað var þá til ráða?“ segir Sophus. Þá var einmitt sjálf sagt að bjóða bygginguna út aftur. Úr því nefndin hafði ákveðið að breyta um útboðsgrundvöll og leggja nú sjálf til ísl. efnis, þá var byggingin komin í alt annað horf en áður og nýtt útboð sjálf sagt. Atvinnubæturnar rýrnuðu ekkert við það, þó einum mánuði hefði verið eitt til útboðs og ákvörðunar, því hægt var að byrja strax á útvegum ísl. efnisins. Og jafnvel þó varið hefði verið 40 dögum til útboðsins, þá hefði verið hægt að gera samning um sjálfa bygginguna eftir nýju útboði jafn snemma og samningurinn var gerður við þá Jón og Einar, eða 28. f. m.

Hjer virðist því hafa legið annað á bak við, það, að Einar og Jón og enginn annar skyldi fá bygginguna. En af hverju? Það veit enginn.

Háttvirtur formaður segir: „Eins og tilboðin sem birt eru hjer bera með sjer, virðist ekki koma til greina að snúa sjer til annara eu Jóns og Einars, ef von ætti að vera til þess, að verð kirkjunnar gæti þokast niður undir það sem Jens hafði boðið. Þeirra tilboð var, og hafði altaf í augum nefndarinnar verið það næst aðgengilegasta“. Næsta tilboð segir hann að hafi verið kr. 7000 hærra. Þetta er nú eins og allir sjá fálm út í loftið hjá Blöndal, eins og svo margt annað í grein hans, og hjer getur hann ekki einu sinni farið rjett með tölur. (Einar og Jón kr. 107.000, Byggingarfelag Siglufjarðar kr. 115.000. Mismunur kr. 8000 en ekki sjó þúsund). Alt er þetta handá þvottur hjá Blöndal. Hann hefir

einhverra hluta vegna ekki sjeð okkur þessa smáu Siglfirðinga, og þess vegna hefir ekki verið um aðra að gera, en fyrst Jens Eyólfsson og næst Einar og Jón. Jeg fyrir mitt leyti furða mig nú ekkert á því, þó jafn mikill maður sem S. A. Blöndal er, sjái ekki þessi smámenni, sem hjer áttu hlut að máli. Framh.

Pjetur Bóasson.

Sekt og áminningu fjekk bifreiðastjóri einn í Berlín, fyrir að aka þannig um götur borgarinnar, að leirgusur slettust á fólk á gangstjettinni.

oo

Náttúrufræðingurinn heitir nýtt rit sem þeir Guðm. Bárðarson og Árni Friðriksson gefa út. Í því birtast smágreinar við alþýðuhæfi um ýms efni í dýrafræði, grasfræði, jarðfræði, landafræði, eðlisfræði, efnafræði, stjörnufræði, og öðrum greinum náttúrufræðinnar.

oo

Árið 1930 druknuðu 72 menn hjer við land, þar af 16 útlendingar. Af þeim 56 innlendu mönnum, sem druknuðu, fórust 18 með „April“, 20 menn fórust af sjelbátum stærri og minni, 3 menn tók út af togara, 1 fjell úthyrðis af verslunarskipi, 4 fjellu út af bryggju, 2 druknuðu í vötnum, 6 fórust af róðrabátum og 2 við bað.

oo

Úr Dýrafræði er skrifað: Verklýðsfelagið á Þingeyri feldi tillögu um að mótmebla brottrekstri Ásgeirs Bl. Magnússonar úr Mentaskóla Akureyrar. Ásgeir á hjer heima og hjer búa foreldrar hans, heidurs og sæmdarhjóna, sem liðið hafa mikið út af þessu máli. Mönnum hjer leiðist hvernig Einar Olgeirsson og fleiri snáðar hafa forskrúfað þennan efnilega unglíng.

oo

Nýlega var blaðið „Polonia“ í Kattowitz gert upptækt og er það í 210. sinni sem það blað er gert upptækt.

oo

Fyrir nokkru tók gift kona, 4 barna móðir, þátt í þolsundi í Ástralíu. Fyrstu verðlaun voru 6000 kr. og önnur verðlaun 2000 kr. Maður konu þessarar hafði verið atvinnulaus lengi og var heimili þeirra orðið bjargarlaust. Hugkvæmdest konunni þá að reyna að ná í verðlaunin til bjargar heimilinu. Er hún gæst upp hafði hún synt tæpa 48 tíma og fjekk önnur verðlaun. Fyrsta verðlaun fjekk fræg sundkona, sem hjelt út 23 mín. lengur. — En er hún frjetti um ástæður giftu konunnar, jafnaði hún verðlauninum á milli þeirra.

oo

Í London voru nýgift hjón að berjast fyrir lífinu. Kom þeim saman um það, að hann færi til Ástralíu til atvinnuleitar, en að hún rjedið sem þjónustustúlka á veitingahús á meðan. — Leið svo og beið og maðurinn var vinnumaður í Ástralíu en konan afgreiddi á hótelinu. — En alt í einu fær hann þá fregn, að hann hafi erfitt fjarskyldaþvottur vellríkan baron. Meðal eignaanna var stór höll í London og margar stórjarðir víðsvegar í Englandi. Og auk auðæfanna varð afgreiðslustúlkan barónsfrú og vinnumaðurinn baron, með rjetti til setu í lávarðadeild þingsins. —